



Hestamannafélagið Sprettur

Félagsfundur Spretts 13. apríl 2023, fundur hófst kl 20:00

Staður: Veislusalur Spretts

Fundarefni: Landsmót 2024, skipulag og undirbúningur.

1. Sverrir Einarsson, formaður, setur fundinn og leggur til að fundarstjóri verði Bryndís Jónsdóttir. Jenny Elisabet Eriksson verður ritari. Samþykkt einróma.
2. Fundarstjóri kynnir umræðuefni kvöldsins.
3. Pétur Örn Sverrisson, varaformaður, fer yfir stöðu mála og kynnir Landsmótsundirbúninginn sem hefur farið fram. Jenny Elisabet Eriksson kynnir hvernig mótið sjálft sé hugsað. (Sjá skýrslu í viðhengi)
4. Opnað fyrir umræður og fyrirspurnir.

Anna Bára Ólafsdóttir, spyr hvort ekki eigi að laga vellina betur. Ritari svarar, að búið er að bæta ofaní vellina en eftir eigi að laga þá til.

Lárus Finnbogason hefur áhyggjur af því að Sprettur komi illa út úr Landsmóti og vill finna aðra leið til að halda Landsmót, jafnvel með aðkomu annara félaga á höfuðborgarsvæðinu. Peningnum er frekar varið í barna- og unglíngastarfi og byggja það upp enn frekar.

Kristinn Hugason varar við að afsala mótinu og telur að ekki komi vel út að færa mótið til Reykjavíkur. Garðabær og Kópavogur eru sterk bæjarfélög sem geta staðið á bak við félagið og eru með mörg sameiginleg verkefni nú þegar. Horfa verði á þetta með raunhæfum hætti, og ekki kasta frá okkur tækifærinu.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson kemur með tvær spurningar. Af því gefnu að Kópavogur borgi sinn hlut, treystir félagið sér til þess að halda Landsmót á þessu svæði? Ef Sprettur heldur mótið, kemur það þá niður á áframhaldandi stuðningi?

Margrét Tómasdóttir svarar að þetta eru ekki miklar upphæðir og ætti ekki að vera til fyrirstöðu. Varðandi seinni spurninguna, þá er þetta allt önnur fjárhagsáætlun en lagt var upp með upphaflega, og telur Margrét að halda Landsmót komi ekki niður á áframhaldandi stuðningi.

Aðalheiður Auðunsdóttir er undrandi á hvernig aðalfundurinn fór, og spyr svo Sveinbjörn Sveinbjörnsson sem tengdur er inni bæjarstjórn Kópavogs sem 16. maður á lista

Sjálfstæðisflokksins, afhverju ekki sé stuðningur frá Kópavogsbæf eins og lofað var á fundi fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson svarar að hann sé ekki með tengsl inni Kópavogsbæ og geti því ekki svarað fyrir.

Kristinn Hugason svarar aftur Önnu Báru varðandi vellina, enn er verið að vinna í völlum og þeir verða betri síðar í ár.

Hann tekur einnig undir orð Aðalheiðar varðandi það að Kópavogsbær verði að standa við orð sín sem komu fram á kosningafundi sem haldin var í Spretti. Bendir svo á að f.v. formaður Sveinbjörn Sveinbjörnsson lagði sjálfur til að halda Landsmót og að svæðið væri það frábært að það yrði ekkert mál.

Sigríður Helga Sigurðardóttir segir frá því sinni reynslu af mótshaldi annarsstaðar. Spyr hvort vellirnir í Spretti standist álagið ef rignir í heila viku?

Sverrir formaður svarar og segir að samskiptin við Kópavogsbæ séu orðin mjög skrýtin. Lítil eða engin svör, borga seint eða ekki, t.d fyrir snjómokstur og ljósastaura.

Sigurður Halldórsson spyr hver hafi unnið þessa vinnu bakvið kostnaðaráætlun, hvern hefur verið talað við varðandi bilastæðin, og hefur verið rætt við RML og LH varðandi það að lengja Landsmót.

Formaðurinn svarar þessu og segir frá að kostnaðaráætlunin í byrjun hafi verið gerð með það í huga að allt væri aðkeypt og að bæjarfélögin kæmu ekki að þessu nema með fjárhagsaðstoð. Öllu sem væri „nice to have“ hefði verið sleppt í staðin fyrir „need to have“.

Sigurður Halldórsson vill nánari útskýringar.

Sverrir formaður segir frá því að rætt hafi verið við aðila frá RML og aðra fagaðila sem hafa komið að þessu áður.

Arnhildur spyr hvort það hafi verið leitað til félagsmanna varðandi það að halda mótið.

Ritari svarar að haldinn hafi verið fundur með félagsmönnum í fyrra til að fá álit og fleiri sjónarhorn. Einnig hafa óformleg samtöl átt sér stað síðan

Oddný Erlendsdóttir spyr hvenær byrjað hafi verið að ræða við bæjarfélögin.

Formaður svarar að viðræður hafi formlega verið hafnar eftir að n.v. bæjarstjórn tók við.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson kemur með tillögu (sjá viðhengi)

Kristinn Hugason gerir athugasemd hvort að löglegt sé að bera tillöguna uppá á félagsfundi. Bendir einnig á að framkvæmdastjórn og mótsstjórn muni geta svarað þeim spurningum sem Sigurður Halldórsson komu með, og ekki sé það einungis ábyrgð stjórnar.

Pétur Örn Sverrisson, varaformaður, veltir því fyrir sig hvort hægt sé að bera tillöguna upp.

Fundarstjóri tekur orðið, og segir sig ekki vera með það á hreinu hvort tillöguna megi bera fram með þessum hætti, og beinir ákvörðuninni og orðinu til stjórnar.

Margrét Tómasdóttir, hefur trú á að Spretur geti haldið mótið. Segir að hennar upplifun er sé að unnið hafið á móti stjórn Spretts bakvið tjöldin og að erfitt hafi verið frá upphafi að ræða við bæjarstjórn Kópavogs.

Jóhann Ólafsson segir að vandamálið sé að hestamannafélögin hafi sofnað á verðinum varðandi það að sækja peninga til sveitarfélaganna.

Jenny Eriksson, ritari, bendir á að mikil vinna hafi verið lögð í undirbúning mótsins, og bendir á að aldrei hafi Spretur verið jafn mikið á dagsskrá hjá sveitarfélögunum eins og við séum núna þökk sé viðræðum um Landsmót, og að Sprettarar eigi að nýta tækifærið og athyglina.

Sigurður Tyrfingsson bendir á hvað þarf að vera á Landsmótssvæði til að hægt sé að halda mótið og að Spretur sé eina svæðið sem uppfylli þær kröfur.

Davíð Áskelsson leggur til að stjórnin komi með lokatillögu hvort haldið verður Landsmót eða ekki.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson segir að hann vildi bara koma þessari tillögu á framfæri og hvetur stjórn til að taka hana gilda.

Andrés Andrésón, spyr hvernig fjárhagstaða félagsins sé, og hvort það sé til plan B, hvort félagið eigi fyrir þessu ef Kópavogsbær tekur ekki þátt.

Kolfinna Guðmundsdóttir, gjaldkeri, svarar að félagið hafi ekki fjárhag til að halda mótið nema tekin sé hærri yfirdráttur. Að þáttur Spretts verði greiddur með styrkjum sem fengin hafa verið vilyrði fyrir.

Kristinn Hugason bendir á að tillaga Sveinbjarnar Sveinbjörnsonar sé ótæk vegna þess að þetta sé almennur umræðufundur.

Kristbjörg Hjaltadóttir leggur til að félagsmenn fjölmenni ríðandi til Kópavogsbæjar þar sem félagsmenn eigi rétt á að Kópavogsbær standi við orð sín.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson deilir áhyggjum varðandi hvort það sé hægt að halda Landsmót. Bendir á að ekki hafi verið leitað til félagsmanna eftir fundinn í feb 2022 og hefur áhyggjur af því að sjálfboðaliða séu mögulega ekki tilbúnir að aðstoða þar sem vantað hafi upplýsingar.

Sverrir formaður svarar þessu að undirbúningurinn hafi snúið aðallega að því að fjármagna mótið, og að auðvitað hefði getað verið staðið betur að því að leita til félagsmanna.

Valdimar Ómarsson spyr hvernig sé tímalínan, hvað getum við beðið lengi eftir Kópavogsbæ? Hversu seint getum við tekið ákvörðun varðandi mótið?

Er eitthvað plan B, er búið að heyra í öðrum félögum varðandi það að halda mótið saman?

Er hægt að stækka höllina eða byggja félagshesthús í staðin fyrir að halda Landsmót?

Varðandi fjárhagsáætlunina, hvað gerist ef Landsmót fer langt yfir kostnaðaráætlun?

Pétur Örn Sverrisson, varaformaður, svarar þessu að hans skoðun er að tíminn sé runnin út eða um það bil að renna út. Segir svo frá sinni reynslu varðandi fund við bæjarstjóra Kópavogsbæjar, þar sem viðkomandi hafi spurt hvort ekki væri hægt að færa mótið eitthvað annað? Ekkert er í hendi með stækkun reiðhallarinnar og félagshesthús ef við höldum ekki Landsmót. Varðandi fjárhagsáætlunina þá er eins og komið hefur fram að hún var gerð mjög ríflega og gerð með aðstoð verktaka. Aftur, gerð með það í huga „nice to have vs need to

have“ Landsmótsfélagið sem rekur mótið ber ábyrgð á fjárhagnum, en Sprettur getur ekki hlaupið í burtu ef illa fer.

Anna Bára kemur með spurningu til stjórnar hvort þeir telji sig geta haldið mótið, og vilja halda mótið?

Jenny Eriksson svarar að hún hafi komið inn í stjórn þegar búið var að ákveða að halda mótið, og að vinnan hafi miðað að því að framkvæma mótið, annars hafi hún ekki skoðun á því.

Pétur Örn Sverrisson svarar að félagsmenn í Spretti verði að ákveða hvort mótið verði haldið og að stjórn framkvæmi það sem félagsmenn vilja.

Sverrir Einarsson formaður, er sammála Pétri, vill ekki taka áhættuna á því að halda Landsmót ef félagið kemur illa út úr því.

Kolfinna Guðmundsdóttir, gjaldkeri, er einnig sammála. Bendir á að það er félagið sem heldur Landsmót, ekki stjórn.

Margrét Tómasdóttir vill halda Landsmót og telur að það sé hægt.

Anna Bára Ólafsdóttir þakkar stjórn fyrir en vill sjá meira jákvæðni um að halda Landsmót.

Sverrir formaður bendir á að mikil sjálfböðavinna sé unnin af stjórnarmönnum, sem vinna fulla vinnu annarsstaðar. Sprettarar verði að standa saman, setja út kassan, og krefja bæjarfélögin áfram um peninga.

Jóhann Ólafsson vill fá bæjarstjórana tvo hér til okkar fyrir aðalfund félagsins til að svara spurningum félagsmanna.

Sveinbjörn Sveinbjörnsson, dregur tillögu sína tilbaka og verður hún afgreidd á aðalfundi í staðin.

Fundarstjóri hvetur alla til að taka þátt sem sjálfböðaliða ef að því kemur að Sprettur haldi Landsmót.

Pétur Örn Sverrisson segir að framhalds af aðalfundur verði haldinn 18. apríl, og að borin verði upp tillaga um að færa fundinn til 19 apríl og geta félagsmenn gengið út frá því að aðalfundurinn verði 19. apríl 2023.

Fundarstjóri þakkar fyrir góðan fund og slítur fundi kl 22:00.

Fundargerð ritaði Jenny Elisabet Eriksson.